

Nr. 15.
4.
septbr.

Auglýsing

um

að auglýsing frá stjórnarráði Íslands 28. júlí 1886 skuli úr gildi felld.

Hjermeð skulu felld úr gildi ákvæðin í auglýsing frá stjórnarráði Íslands 28. júlí 1886 um að fyrirmælum laga 17. des. 1875 um mótvörnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands, skuli fylgt að því er snertir skip, er til Íslands koma frá höfnum í Austurríki og Ungarn. Ennfremur fellur úr gildi bannið samkvæmt lögum 24. okt. 1879, 3. gr. í nefndri auglýsing gegn því að flytja með þessum skipum til Íslands brúkað lín, föt og sængurfatnað, nema þessir munir sjeu ferðafatnaður, dulur, brúkað vatt, hnökraull, afklippur af pappír, hár og húðir.

Ákvæðum laga 17. des. 1875 verður hjereptir beitt að því er þessa staði snertir:

Marseille,

hafnir á Sikiley og

allar Egiptalands hafnir.

Fyrir alla þessa staði, að undan skildum Egiptalands höfnum, gildir og innflutningsbann samkvæmt lögum 24. okt. 1879, 3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta kunngjörst til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 4. september 1889.

J. Nellemann.

Ólafur Halldórsson.

Bekjendtgjørelse

om

Ophævelse af Ministeriet for Islands Bekjendtgjørelse af 28de Juli 1886.

Nr. 15.
4de
Septbr.

Herved ophæves Bestemmelserne i Bekjendtgjørelse fra Ministeriet for Island af 28de Juli 1886 om Sagttagelse af de i Lov om Foranstaltninger til at forhindre Børnekoppers og den asiatiske Koleras Indbringelse til Island af 17de December 1875 foreskrevne Forholdsregler med Hensyn til Skibe, der ankomme til Island fra østerrigst-ungarske Havne saa vel som ogsaa det i bemeldte Bekjendtgjørelse indeholdte Forbud i Henhold til Lov af 24de Oktober 1879 § 3 mod al Indførsel ved saadanne Skibe af brugt Linned, brugte Klædningsstykker, brugte Sengklæder, for saa vidt de nævnte Gjenstande ikke høre til Personers Rejsfogds, Klude, brugt Bat, Kradsuld, Papirsaffald, Haar og Huder.

Bestemmelserne i Lov af 17de December 1875 ere herefter i Virksomhed overfor følgende Steder:

Marseille,

Havne paa Sicilien og

samtliges ægyptiske Havne.

Overfor samtlige de nævnte Steder med Undtagelse af ægyptiske Havne bestaar derhos Indførselsforbud i Henhold til Lov af 24de Oktober 1879 § 3.

Denne Bekjendtgjørelse træder strax i Kraft.

Hvilket herved bekjendtgjøres til Efterretning for alle Bedkommende.

Ministeriet for Island, den 4de September 1889.

J. Nellesmann.

Ólafur Halldórsson.

Nr. 11.

9.
ágúst.**Lög**

um

breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki.

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1 gr.

Af allskonar tóbaki, hvort heldur reyktóbaki, munntóbaki (rullu) eða neftóbaki (rjóli) skal gjalda toll í landssjóð, 35 aura af hverju pundi. Af hverjum 100 vindlum skal goldin 1 kr.

2. gr.

1. og 2. grein laga 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki eru úr lögum numdar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1889.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefð á Amalúborg, 9. ágúst 1889.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.